

## Fundargerð

Fundur var haldinn í stjórn Íslenskrar málnefndar í fundarherbergi orðfræðisviðs á Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum, Neshaga 16, 3. hæð, þriðjudaginn 29. maí 2014 og hófst kl. 14.30. Fundinn sátu: Guðrún Kvaran formaður, Haraldur Bernharðsson varaformaður, Anna Sigríður Þráinsdóttir, Eiríkur Rögnvaldsson og Sigríður Dagný Þorvaldsdóttir. Jóhannes B. Sigtryggsson frá Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum ritaði fundargerð.

### 1. Mál og mannréttindi – málræktarþing í nóvember

Frh. sjá fg. stj. ÍM 4/2014, 2. lið. Ritari dreifði til stjórnar drögum að dagskrá fyrirhugaðs afmælistálfings í nóvember. Rætt var um hvernig mætti fella sem best saman málræktarþing ÍM og hátíðardagskrá ráðuneytis á degi íslenskrar tungu í sameiginlegri dagskrá. Formaður hyggst bera drög að dagskrá undir starfsmenn ráðuneytis. Rætt verður við Mjólkursamsöluna um að hún greiði fyrir tónlistaratriði, fundargögn og kaffiveitingar í hléi.

### 2. Íslensk málstefna fimm ára

Frh. sjá fg. stj. ÍM 4/2014, 1. lið. Haldið var áfram umfjöllun um hvaða markmið íslenskrar málstefnu (*Íslenska til alls*, [http://www.islenskan.is/Islenka\\_til\\_alls.pdf](http://www.islenskan.is/Islenka_til_alls.pdf)) hafa ræst og hver ekki. Markmið með þessari úttekt á málstefnunni eru að liðsinna mennta- og menningar- málaráðuneyti við að fylgja eftir málstefnunni sem Alþingi fól ráðuneytinu að framfylgja.

Anna Sigríður sendi fyrir fundinn drög að samantekt um það hvaða markmið málstefnunnar hafa áunnist í leik-, grunn- og framhaldsskólum. Haraldur dreifði einnig drögum að úttekt á íslensku í háskólum, vísindum og fræðum. Anna Sigríður og Haraldur fóru yfir helstu atriði í drögunum. Haraldur sagði að mesta aukningin á notkun ensku í kennslu hefði orðið fyrir um 15 árum. Síðan hefði hlutfallið haldist nokkuð stöðugt. Eiríkur sagði að Málnefndin þyrfti að passa sig á að lenda ekki alltaf í varnarstöðu. Dæmi um svið þar sem réttlæta mætti notkun ensku væri í doktorsritgerðum. Haraldur sagði að mikilvægast væri að efla notkun íslensku í grunnnámi og fjölga ritrýndum vísindagreinum á íslensku.

### 3. Tilnefning í stjórn Málræktarsjóðs

Sigrún Helgadóttir, Sigurður Konráðsson og Svanhildur Kr. Sverrisdóttir núverandi fulltrúar Íslenskrar málnefndar í stjórn Málræktarsjóðs ([www.malraektarsjodur.is](http://www.malraektarsjodur.is)) hafa samþykkt að vera áfram fulltrúar ÍM í stjórn sjóðsins.

### 4. Önnur mál

a) *Aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni*

Tillaga til þingsályktunar um aðgerðaáætlun um notkun íslensku í stafrænni upplýsingatækni (268. mál, <http://althingi.is/altext/143/s/0504.html>) var samþykkt 12. maí. Aðgerðaáætlunin á að vera tilbúin 1. september í ár.

### Mál til bókungar

Mennta- og menningarmálaráðuneyti framsendi ÍM 9. apríl afrit af bréfi Jóns Björgvinssonar frá 22. mars til ráðuneytis þar sem Jón segir að Vegagerðin sé hætt að „nota íslensku á upplýsingaskiltum við þjóðvegi landsins“ og telur slíkt vera brot á 3. mgr., 5. gr. laga nr. 61/2011.

ÍM barst 11. apríl til umsagnar frá allsherjar- og menntamálanefnd frumvarp til laga um örnefni, 481. mál. Formaður ÍM svaraði erindinu fyrir hönd ÍM 29. apríl 2014 og segir m.a.: „Málnefndin vill sérstaklega taka undir 4. gr. frumvarpsins þar sem lagt er til að Íslensk málnefnd tilnefni einn fulltrúa í örnefnanefnd. Hún hafði áður áheyrnarfulltrúa en þessi tillaga er mun eðlilegri og í samræmi við hlutverk Íslenskrar málnefndar.“

Nefndinni var gefið greinasafn Piu Jarvad [Spørg om sprog – 40 år i Sprognævnets tjeneste](#).

Fleira gerðist ekki og var fundi slitið kl. 15.50.

Guðrún Kvaran  
sign.

Jóhannes B. Sigtryggsson  
sign.